

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

7. tbl. 2. árg.

8. ágúst 2024



*Danskir dagar fara fram dagana 16.-18. ágúst.*

### 30 ára afmælishátíð Danskra daga

Danskir dagar eru ein elsta bæjarhátíð landsins og hafa verið haldnir frá árinu 1994. Í ár á hátíðin því 30 ára afmæli og af því tilefni verður blásið til afmælishátíðar dagana 16. - 18. ágúst. Á hátíðinni verður boðið

upp á brot af því besta frá dagskrá hennar síðustu 30 ár. Dagskráin er bæði þétt og fjölbreytt og ættu allir að finna þar eitthvað við sitt hæfi. Má þar af nefna hverfagrill, brauðbakstur í Nýræktinni, leikhópin Lottu,

tunnulest, uppboð, tivolí og fleira. Einnig kemur fram fjöldinn allur af tónlistarfólki, bæðu heimafólki og gestum. Lengst að kemur líklega danski Eurovision sigurvegarinn Jørgen Olsen. Jørgen annar Olsen

bræðranna sem unnu Eurovision keppnina eftirminnilega með laginu „Fly on the Wings of Love“ árið 2000 og má því fastlega gera ráð fyrir að sá góði smellur hljómi á bryggjunni á laugardagskvöldinu.

## Framkvæmdir á Höfðaborg



*Nýr salur á Höfðaborg hentar vel í félagsstarf og viðburðahald.*

Framkvæmdir standa nú yfir á neðri hæðinni á Höfðaborg. Búið er meðal annars að brjóta niður vegg og sameina það sem áður voru herbergi í bjartan og rúmgóðan sal. Salurinn mun meðal annars hýsa

félagsstarf Aftanskins, félags eldri borgara, auk þess sem hann kemur til með að nýtast íbúum á Höfðaborg og gestum vel, svo sem til viðburðahalds og fundar. Gert er ráð fyrir að salurinn verði tilbúinn

til notkunar áður en félagsstarf Aftanskins hefst nú í haust. Allt frá árinu 2009 hefur Aftanskin verið með aðstöðu til félagsstarfs í Setrinu en með tilfærslunni yfir í nýja og betri aðstöðu skapast tækifæri til að

nýta Setrið í önnur verkefni. Í því samhengi hefur einna helst verið horft til félagsstarfs ungmenna og hvort Félagsmiðstöðin X-ið geti nýtt húsnæðið í sitt starf.



## Annað nýtt hús rís við Aðalgötuna

Nýtt tveggja hæða parhús er nú farið að taka á sig mynd við Aðalgötu 16 í Stykkishólmi. Það er Efling stéttarfélag sem stendur fyrir framkvæmdum. Þ.B. Borg er með verkið en fyrirtækið

lauk nýverið við byggingu og frágang á fallegu húsi á Aðalgötu 15, hinu megin við götuna. Húsið verður afar svipmikið og er byggt í þeim gamla stíl sem einkennir bæjarmyndina í Stykkishólmi en

mikill metnaður lagður í að það falli vel inn í þá mynd, segir á vef Eflingar. Gert er ráð fyrir að húsið verði komið í notkun fyrir sumarið 2025.

## Uppboð

Í tilefni af 30 ára afmæli Danskra daga í ár verður efnt til uppboðs laugardaginn 17. ágúst. Ágóði uppboðsins rennur til styrktar góðra málefna. Ekki er um að ræða uppboð Aksjón Lionsmanna, heldur hefur góður hópur hér í Hólminum ákveðið að endurvekja þennan skemmtilega viðburð í tilefni afmælisins. Hópurinn óskar eftir hlutum á uppboðið, hafa má samband við forsprakka uppboðsins, Jón Beck í s. 865-0175

## Sigríður Silja ráðin aðstoðarskólastjóri




Sigríður Silja Sigurjónsdóttir

Sigríður Silja Sigurjónsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi. Silja er með meistarabréf í kennslufræðum frá Háskólanum á Akureyri, B.sc. gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst og diplómu í opinberri stjórnarsýslu frá Háskóla Íslands. Hún hóf störf 1. ágúst en þá tók einnig Þóra Margrét Birgisdóttir við stöðu skólastjóra. Áður hafði Þóra

Margrét gengt stöðu aðstoðarskólastjóra. Skólasetning verður samkvæmt skóladagatali 21. ágúst næstkomanndi. Má gera ráð fyrir að námfús grunnskólabörn í Hólminum taki þá gleði sína á ný og fagnni því að komast aftur í skólann eftir langt sumarfríið. Sveitarfélagið óskar Silju innilega til hamingju með nýju stöðuna og óskar henni velfarnaðar í starfi.

### - Íbúafundur - breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag



Þann 24. apríl 2024, samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Vigráholt í samræmi við 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Tillögurnar eru auglýstar með

athugasemdafresti til og með 6. september 2024. Eingöngu verður tekið við athugasemdum í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Opinn kynningarfundur vegna skipulagstillagnanna verður haldinn á Amtbókasafninu í Stykkishólmi, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 17:00. Nánari upplýsingar og gögn má finna í Skipulagsgátt og [stykkisholmur.is](http://stykkisholmur.is)

### Staða fjármála- og skrifstofustjóra



Auglýsing um starf fjármála- og skrifstofustjóra hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi var birt þann 17. maí sl. á Alfred. is og rann umsóknarfrestur út þann 1. júní sl. Attentusmannauður og ráðgjöf voru fengin til að aðstoða við ráðningarferlið. Bæjarstjórn

samþykkti á síðasta fundi sínum að hætta við ráðningu í starfið sem auglýst var. Taldi bæjarstjórn rétt að endurmeta hæfniskröfur áður en starfið verður auglýst að nýju og freista þess þannig að stækka hóp umsækjenda.

# Danskir dagar 2024

## Torsdag 15. August

Vi er røde vi er hvide. Bæjarbúar fegra bæinn með rauðu og hvítu. Verðlaun verða veitt fyrir best skreytta húsið á bryggjuballinu.

**13:00 Olsen Olsen.** Keppni í Höfðaborg.

**14:00-17:00 Flagværksted.** Fánasmiðja í Amtsbókasafninu og sýning um Danska daga í 30 ár.

**16:30 Snobrød grill í Skógræktinni.** Brauðbakstur yfir eldi fyrir alla fjölskylduna í umsjón foreldrafélags Leikskólans í Stykkishólmi.

## Fredag 16. August

**14:00-16:00 Flagværksted.** Fánasmiðja í Amtsbókasafninu og sýning um Danska daga í 30 ár.

**14:00-18:00 De smukke unge livegarder** taka á móti gestum við bæjarhliðið.

**14:00-18:00 Tivoli.** Á túninu við Lions húsið.

**16:15 Setning hátíðar í Hólmgarði.**

**16:30 Teater.** Leikhópurinn Lotta í Hólmgarði. Aðgangur ókeypis.

**18:00 Gadefest.** Bæjarbúar eru hvattir til að halda hverfagrill og endurvekja þessa skemmtilegu hefð með pompi og prakt. Hirðmaður konungs verður á ferðinni og slær á léttu strengi.

**18:00-20:00 Glædestund.** Happy hour á Narfeyrarstofu.

**22:00 Narfeyrarstofa.** Bjöss og Daði troða upp.

## Lördag 17. August

**10:00 Áben Træning.** Reiturrinn - WOD í boði Átaks Líkamsræktar.

**11:00 Kostumløb.** Búingahlaup fyrir káta krakka með Björgu Gunnars. Að loknu hlaupi verður boðið upp á hressingu frá Nesbrauð. Mæting við Ráðhúsið.

**11:00-13:00 De smukke unge livegarder** taka á móti gestum við bæjarhliðið.

**11:00 Tang og Riis.** Dís Art 2. Ellefu listamenn opna sýningu í gamla frystihúsinu við Tang og Riis.

**11:00 Norska húsið.** Sýningin Leirlist og textill opnar.

**12:00-19:00 Tivoli.** Á túninu við Lions húsið.

**12:00-15:00 Tøndetog.** Tunnulest verður á ferðinni við Lions húsið.

**12:00-15:00 Veltibíllinn,** verður í miðbænum á vegum Björgunarveitarinnar Berserkis.

**12:00-15:00 Orienteringsløb.** Ratleikur í Amtsbókasafninu og sýning um Danska daga í 30 ár.

**12:00-15:30 Líf og fjör á torginu við Norska húsið.**

Markaður, sápukulufjör og andlitsmálning.

• 13:00 Sönghópurinn Tónafljóð á torginu við Norska húsið.

• 13:30 Auktion. Hressir Hólmara bjóða upp ýmsan varning á torginu við Norska húsið, til styrktar Systraskjólí.

**13:00-17:00 Freyjulundur.** Heitt súkkulaði og vöflur til sölu hjá Kvenfélaginu (ath. enginn posi á staðnum).

**15:30 Skumrutchebane.** Froðurennibraut í hótél brekkunni í boði Fosshótel. Börn eru á ábyrgð forráðamanna.

**16:00 Ølløbet 2024.** Bjór/freyðivíns - hlaup í umsjón 1994 árgangs. 20 ára aldurstakmark. Mæting við Skúrinn kl. 15:30.

**16:00-18:00 Glædestund.** Happy hour á Narfeyrarstofu.

**16:30-19:00 Havnekoncert.** Tónleikar á stóru bryggju.

- Hátíðarávarp
- Sigurður Orri Kristjánsson
- Glymur
- Piltarnir
- Þór Breiðfjörð
- Hylur

**20:30 Havnefest.** Bryggjuball á stóru bryggju.

- Bjöss og Daði sjá um brekkusöng Danskra daga
- Mammaðín - Katla Njál. og Elín Hall
- Jörgen Olsen, í boði Þórsness, Skipavíkur og ÞB Borg
- Draugabánar

**23:00 Fyrværkerishow.** BB og synir bjóða upp á flugeldasýningu í tilefni 30 ára afmælis Danskra daga.

**23:30 Dansefest.** Stórdansleikur með Stuðlabandinu í Idrætshallen. Aldurstakmark 18 ára.

## Söndag 18. august

**12:00 Lystfiskerkonkurrence.** Dorgveiðikeppni. Krakkar á öllum aldri eru velkomnir niður á bryggju með sína eigin veiðistöng. Mæting er við vigtaskúrinn. Keppt verður um stærsta, minnsta og þyngsta fiskinn. Vinsamlegast athugið að börn eru á ábyrgð forráðamanna.

**12:00-17:00 Tivoli.** Á túninu við Lions húsið.

**13:00-17:00 Freyjulundur.** Heitt súkkulaði og vöflur til sölu hjá Kvenfélaginu (ath. enginn posi á staðnum).

**13:30 BMX brós.** Á planinu við Grunnskóla Stykkishólms.

**15:00 Amtsbókasafnið.** Konunglegur fyrirlestur með Guðnýju Ósk um dönsku Konungsfjölskylduna.